

Peningamál í hnotskurn



Alþjóðlegur hagvöxtur hefur gefið eftir í kjölfar mikilla kostnaðarhækkana og hækkunar framfærslukostnaðar heimila. Líkt og í ágúst er spáð að hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum verði um 1% í ár og á næsta ári. Horfur eru jafnframt á áframhaldandi hjöðnun alþjóðlegrar verðbólgu. Undirliggjandi verðbólga hefur þó minnkað hægar og útlit fyrir að vextir helstu seðlabanka heimsins haldist áfram háir.



Hagvöxtur hér á landi mældist 5,8% á fyrri hluta ársins sem er 0,4 prósentum meiri vöxtur en gert hafði verið ráð fyrir í ágústspá *Peningamála*. Þótt hægt hafi á vexti einkaneyslu vegur innlend eftirspurn þungt í vexti efnahagssumsvifa það sem af er ári. Við bætast hagstæð utanríkisviðskipti drifin áfram af miklum vexti í ferðaþjónustu. Horfur eru á að hagvöxtur verði 3,7% á árinu öllu en í ágúst var því spáð að hann yrði 3,5%. Það er því útlit fyrir að töluvert dragi úr hagvexti frá fyrra ári þótt vöxturinn sé áfram vel yfir því sem talið er vera langtímahagvaxtargeta þjóðarbúsins. Líkt og í ágúst er talið að áfram hægi á hagvexti og að hann verði um 2¾% á ári að meðaltali á næstu þremur árum.



Enn er spenna á vinnumarkaði og atvinnuleysi er lítið. Hins vegar hefur hægt á fjölgun starfa og atvinnuleysi virðist hafa náð botni. Grunnspáin gerir ráð fyrir að það taki að aukast eftir því sem spennan í þjóðarbúinu minnkar og verði komið í 4,8% á næsta ári en þokist síðan niður í 4% á seinni hluta spátímans.



Verðbólga mældist 7,9% í október og minnkaði lítillega milli mánaða. Undirliggjandi verðbólga minnkaði einnig og vísbendingar eru um að tekið sé að draga úr hraða verðbólgunnar þótt hún sé áfram mikil og á breiðum grunni. Horfur eru á að hún breytist lítið það sem eftir lifir árs og að hún hjaðni hægar á næsta ári en áður var vænst. Spennan í þjóðarbúinu virðist heldur meiri en gert var ráð fyrir í ágúst og gengi krónunnar hefur verið lægra en þar var spáð. Þá eru vísbendingar um að kostnaðarhækkningar hafi meiri og þrálátari áhrif á verðbólgu en áður. Samkvæmt grunnspánni verður verðbólga tæplega 5% í lok næsta árs og fer ekki undir 3% fyrr en á seinni hluta árs 2026.



Framboðshlið heimshagkerfisins er að mestu komin í eðlilegt horf eftir áföll undanfarinna ára og hrávöruverð utan orkugjafa hefur lækkað. Útlitið er hins vegar tvísýnt, ekki síst í ljósi áframhaldandi stríðsátaka í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs. Þá er enn óvissa um á hversu traustum fótum batinn í helstu iðnríkjum og í Kína stendur. Á sama tíma og mæld verðbólga hefur minnkað hefur undirliggjandi verðbólga reynst þrálát. Verðbólguhorfur eru einnig óvissar hér á landi enda virðist kjölfesta verðbólguvæntinga hafa laskast og framundan eru kjaraviðræður sem gætu sett horfur um áframhaldandi hjöðnun verðbólgu í uppnám.

Þá hefur óvissa aukist innanlands í kjölfar aukinna jarðhræringa á Reykjanesi. Verði um stórt gos nálægt mikilvægum innviðum að ræða getur skaðinn orðið töluverður. Áhrifin á efnahagssumsvif gætu einnig orðið mikil ef um langvinnt gos yrði að ræða. Áhrifin gætu t.d. orðið veruleg á ferðaþjónustu og annan útflutning, afkomu hins opinbera og á gengi krónunnar og verðbólgu.

Greiningin í þessum *Peningamálum* byggist á gögnum sem lágu fyrir um miðjan nóvember.